Málbrigði, málstaðall og málrækt á 21. öld

Eiríkur Rögnvaldsson
uppgjafaprófessor og málfarslegur aðgerðasinni

Sumarnámskeið Samtaka móðurmálskennara 12. ágúst 2022

Viðfangsefni dagsins

- Íslenskur málstaðall
  - „rétt“ mál og „rangt“, málvenjur
- „Málvillur“
  - fimmtíu málbrigði sem hafa verið talin „röng“
- Kynjamál
  - kynjahalli íslenskunnar, kynsegin orðfæri
- Íslensk málrækt – íslenskt samfélag
  - 25 birtingarmyndir málræktar í samfélaginu

Málstaðall – skilgreining

- „Eitt málbrigði sem opinber skjöl birtast á og sem útlendingum er kennt í formlegu námi í viðkomandi tungumáli; það er „hlutlaus samnefnari“ í samfélaginu
  - eða er a.m.k. talið vera „hlutlaust“ – vissulega hafa ólíkir einstaklingar úr ólíkum félagshópum mismikinn aðgang eða „forgjöf“ þegar kemur að því að tileinka sér málstaðalinn
- Fyrst og fremst er þetta markmið bundið ritmáli“

(Ari Páll Kristinsson: *Málheimar*)

Tilurð íslensks málstaðals

- Íslenskur málstaðall varð til á 19. öld þótt ræturnar séu vissulega í fornmáli. Rasmus Christian Rask, Sveinbjörn Egilsson og Fjölnismenn lögðu drög að staðlinum en hann mótaðist ekki síst í Lærða skólanum eftir miðja öldina, einkum hjá Halldóri Kr. Friðrikssyni sem var aðalíslenskukennari skólans í hálfa öld. Björn Guðfinnsson lagði svo lokahönd á staðalinn með málfræði sinni sem flestir Íslendingar lærðu frá því um 1940 og langt fram eftir öldinni – jafnvel fram á þessa öld. Staðallinn miðast því við það sem þótti vandað ritmál fyrir 80–100 árum.

Áhersla á „rétt“ mál

- Með lögum um skólaskyldu 10-14 ára barna 1907
  - „náði hin opinbera stefna í málfarsefnum, um rétt mál og rangt, til allra barna á mótunarskeiði. [...] Jafnframt virðist svo sem málstefnan hafi tekið nokkrum blæbrigðabreytingum um leið og hún beindist að öðrum aldurshópi en áður. Stefnan virðist hafa verið einfölduð og löguð að þroska nemenda með því að talað var meira og afdráttarlausara um rétt mál og rangt. Meira hefur verið farið að reyna að breyta talmáli nemenda, en áður var öll megináherslan á ritmálinu.“

    (Kjartan G. Ottósson: *Íslensk málhreinsun*)

Rétt mál og rangt – skilgreining

- Nefnd um málvöndun og framburðarkennslu í grunnskólum, 1986:
  - „Nauðsynlegt er að átta sig vel á því að **rétt mál** er það sem er í samræmi við málvenju, **rangt** er það sem brýtur í bága við málvenju.“
  - „[Þ]að er í samræmi við meginstefnuna í málvernd að reyna að sporna gegn nýjum málsiðum með því að benda á að þeir séu ekki í samræmi við gildandi málvenjur.“
  - „[M]eð málvenju er ekki átt við einstaklingsbundin tilbrigði í máli. Tiltekið atriði getur ekki orðið rétt mál við það eitt að einn maður temji sér það.“

Hvað er málvenja?

- Hvernig á að skilgreina málvenju?
  - engin opinberlega viðurkennd skilgreining til
  - ég legg til eftirfarandi viðmið:
- Tiltekin nýjung er þá og því aðeins orðin málvenja að öllum eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:
  - hún hefur komið upp fyrir 20 árum eða meira
  - hún er farin að sjást í rituðu máli
  - nokkur fjöldi fólks hefur hana í máli sínu
  - börn sem tileinka sér hana á máltökuskeiði halda henni á fullorðinsárum

Úreltur málstaðall

- Íslenskur málstaðall er hvergi skráður í heild
  - en helst er að leita upplýsinga í Málfarsbankanum
- Staðallinn er að mörgu leyti úreltur
  - tekur ekki tillit til ýmissa útbreiddra málbrigða
  - þótt þau eigi langa hefð og séu ótvírætt málvenja
  - og því „rétt mál“ samkvæmt skilgreiningu
- En hvernig á að breyta málstaðlinum?
  - okkur vantar bæði tæki og vettvang til þess
  - en ekki síst frumkvæði og forystu

„Málvillur“

- Fimmtíu „málvillur“ – málbrigði sem flest
  - hafa verið talin „röng“ í kennslu og kennslubókum
  - eru tíðir gestir í samræmdum könnunarprófum
  - eru í ósamræmi við málstaðalinn
- En eru samt flest eða öll
  - a.m.k. 20 ára gömul
  - þekkt í rituðu máli
  - eðlilegt mál fjölda fólks
  - ekki bundin við mál barna á máltökuskeiði

Málbrigði, 1-5

- SAGT VAR: Það var beðið mig að fara
- RÉTT VÆRI: Ég var beðin að fara
- SAGT VAR: Ég var að versla mér mat
- RÉTT VÆRI: Ég var að kaupa mér mat
- SAGT VAR: Keyptu þetta fyrir mig
- RÉTT VÆRI: Kauptu þetta fyrir mig
- SAGT VAR: Þetta er maður sem að ég þekki
- RÉTT VÆRI: Þetta er maður sem ég þekki
- SAGT VAR: Þau funda daglega
- RÉTT VÆRI: Þau halda fundi daglega

Málbrigði, 6-10

- SAGT VAR: Hann réði ekki við þetta
- RÉTT VÆRI: Hann réð ekki við þetta
- SAGT VAR: Mikið af fólki kom á fundinn
- RÉTT VÆRI: Margt fólk kom á fundinn
- SAGT VAR: Við hittumst ekki ósjaldan, jafnvel oft í viku
- RÉTT VÆRI: Við hittumst ósjaldan, jafnvel oft í viku
- SAGT VAR: Þetta gerðist í lok síðasta áratugs
- RÉTT VÆRI: Þetta gerðist í lok síðasta áratugar
- SAGT VAR: Hann hefur alltaf verið sjálfs síns herra
- RÉTT VÆRI: Hann hefur alltaf verið sjálfs sín herra

Málbrigði, 11-15

- SAGT VAR: Gerið svo vel að rétta upp hend
- RÉTT VÆRI: Gerið svo vel að rétta upp hönd
- SAGT VAR: Viltu dingla fyrir mig?
- RÉTT VÆRI: Viltu hringja bjöllunni fyrir mig?
- SAGT VAR: Ég vill ekki gera þetta
- RÉTT VÆRI: Ég vil ekki gera þetta
- SAGT VAR: Svona er þetta á hinum Norðurlöndunum
- RÉTT VÆRI: Svona er þetta í hinum norrænu ríkjunum
- SAGT VAR: Henni tókst að forða slysi
- RÉTT VÆRI: Henni tókst að koma í veg fyrir slys

Málbrigði, 16-20

- SAGT VAR: Ég gæti hafa gert þetta
- RÉTT VÆRI: Ég hefði getað gert þetta
- SAGT VAR: Ég ætla að fá blöndu af báðu
- RÉTT VÆRI: Ég ætla að fá blöndu af hvorutveggja
- SAGT VAR: Verðbólgan sígur upp á við
- RÉTT VÆRI: Verðbólgan mjakast upp á við
- SAGT VAR: Þannig mönnum er ekki treystandi
- RÉTT VÆRI: Slíkum mönnum er ekki treystandi
- SAGT VAR: Ég á von á að tapa þessu
- RÉTT VÆRI: Ég býst við að tapa þessu

Málbrigði, 21-25

- SAGT VAR: Hárið mitt er farið að þynnast
- RÉTT VÆRI: Hárið á mér er farið að þynnast
- SAGT VAR: Flokkurinn sigraði kosningarnar
- RÉTT VÆRI: Flokkurinn sigraði í kosningunum
- SAGT VAR: Tíu smit greindust í gær
- RÉTT VÆRI: Smit greindist hjá tíu manns í gær
- SAGT VAR: Markvörður Selfossar stóð sig vel
- RÉTT VÆRI: Markvörður Selfoss stóð sig vel
- SAGT VAR: Ég geri mikið af því að lesa
- RÉTT VÆRI: Ég geri mikið að því að lesa

Málbrigði, 26-30

- SAGT VAR: Ég kynnti hana fyrir þessari bók
- RÉTT VÆRI: Ég kynnti þessa bók fyrir henni
- SAGT VAR: Hann er alveg eins og pabbi sinn
- RÉTT VÆRI: Hann er alveg eins og pabbi hans
- SAGT VAR: Mér bar gæfa til að fallast á þetta
- RÉTT VÆRI: Ég bar gæfu til að fallast á þetta
- SAGT VAR: Ég er að spá í þessu
- RÉTT VÆRI: Ég er að spá í þetta
- SAGT VAR: Settu sneiðina í ristavélina
- RÉTT VÆRI: Settu sneiðina í brauðristina

Málbrigði, 31-35

- SAGT VAR: Ég var boðinn í mat
- RÉTT VÆRI: Mér var boðið í mat
- SAGT VAR: Opnunartíminn hefur verið lengdur
- RÉTT VÆRI: Afgreiðslutíminn hefur verið lengdur
- SAGT VAR: Verslunin opnar klukkan 9
- RÉTT VÆRI: Verslunin verður opnuð klukkan 9
- SAGT VAR: Þetta hefur ollið miklum vandræðum
- RÉTT VÆRI: Þetta hefur valdið miklum vandræðum
- SAGT VAR: Ég þarf að mála hurðarnar
- RÉTT VÆRI: Ég þarf að mála hurðirnar

Málbrigði, 36-40

- SAGT VAR: Ég er að fara erlendis
- RÉTT VÆRI: Ég er að fara til útlanda
- SAGT VAR: Ég er votur í fæturnar
- RÉTT VÆRI: Ég er votur í fæturna
- SAGT VAR: Gatan er lokuð vegna lagningu malbiks
- RÉTT VÆRI: Gatan er lokuð vegna lagningar malbiks
- SAGT VAR: Þeir töluðu illa um hvorn annan
- RÉTT VÆRI: Þeir töluðu illa hvor um annan
- SAGT VAR: Ég opnaði hurðina og lokaði henni aftur
- RÉTT VÆRI: Ég opnaði dyrnar og lokaði þeim aftur

Málbrigði, 41-45

- SAGT VAR: Ég sá bæði Kasper og Jesper og Jónatan
- RÉTT VÆRI: Ég sá Kasper og Jesper og Jónatan
- SAGT VAR: Ég er að fara eitthvert út í buskann
- RÉTT VÆRI: Ég er að fara eitthvað út í buskann
- SAGT VAR: Það er verið að byggja nýjan veg
- RÉTT VÆRI: Það er verið að leggja nýjan veg
- SAGT VAR: Þau tóku sitthvora bókina
- RÉTT VÆRI: Þau tóku sína bókina hvort
- SAGT VAR: Ég fór í kröfugöngu á fyrsta maí
- RÉTT VÆRI: Ég fór í kröfugöngu fyrsta maí

Málbrigði, 46-50

- SAGT VAR: Gæði þessarar vöru eru léleg
- RÉTT VÆRI: Gæði þessarar vöru eru lítil
- SAGT VAR: Ég senti bréfið í gær
- RÉTT VÆRI: Ég sendi bréfið í gær
- SAGT VAR: Ég svaf illa í gærnótt
- RÉTT VÆRI: Ég svaf illa í fyrrinótt
- SAGT VAR: Göngum yfir brúnna
- RÉTT VÆRI: Göngum yfir brúna
- SAGT VAR: Mér langar í þessa bók
- RÉTT VÆRI: Mig langar í þessa bók

Kynjað tungumál

- Íslenska er kynjað tungumál
  - málfræðilegt kyn er mjög áberandi í málinu
- Í málinu er kynjahalli af sögulegum ástæðum
  - íslenska er mjög karllægt tungumál
- Karllægni málsins kemur einkum fram í þrennu:
  - karlkyn er notað í vísun til óskilgreinds hóps
  - orðið *maður* merkir bæði tegundina og karlkynið
  - mikill meirihluti starfs- og hlutverkaheita er karlkyns

Tilraunir til að draga úr kynjahalla

- Sumu er hægt að breyta innan ramma kerfisins
  - aðrar breytingar stríða gegn málkennd margra
- Hvorugkyn notað í almennri vísun
  - *öll velkomin; þrjú slösuðust; eitt var handtekið*
- Önnur orð höfð í stað *maður*
  - *manneskja; man; menni; konu getur nú sárnað*
- Búin til starfsheiti í kvenkyni og hvorugkyni
  - *vísindakona; lögreglufólk; forstöðuman*

Kynsegin orðaforði

- *Hán* – nýtt þriðju persónu fornafn í hvorugkyni
  - notað um kynsegin fólk í stað *það* sem er ótækt
  - tekur með sér hvorugkyn lýsingarorða
  - *hán er skemmtilegt / lasið / ungt / glatt / rauðhært*
- Kynsegin hvorugkynsnafnorð um fólk:
  - *kvár*: kynsegin einstaklingur – hliðstætt *karl*, *kona*
  - *stálp*: kynsegin unglingur – hliðstætt *strákur*, *stelpa*
  - *bur*: seinni liður kenninafns – hliðstætt *son*, *dóttir*

Íslensk málrækt – íslenskt samfélag

- Hugsanleg viðfangsefni í móðurmálskennslu:
  - Mál og samfélag
  - Mál og tilbrigði
  - Mál og vald
  - Mál og mannréttindi
  - Mál og virðing
- Áhersla á hlutverk íslenskunnar í samfélaginu
  - í stað áherslu á formlega þætti

Mál og samfélag

- Íslensk málrækt felst í því
  - að hafa í huga að í hverju tungumáli felast menningar-verðmæti og við berum ábyrgð á framtíð íslenskunnar
  - að skilja að íslenska er ekki merkilegri eða dýrmætari en önnur tungumál – nema fyrir notendur hennar
  - að gæta þess að umhyggja fyrir íslenskunni snúist ekki upp í þjóðrembu og andstöðu við önnur tungumál
  - að rækta með sér jákvætt viðhorf til málsins og skilning á gildi þess fyrir okkur sjálf og málsamfélagið
  - að átta sig á að málið verður að henta málsamfélaginu á hverjum tíma og stöðnun í máli er ávísun á hnignun

Mál og tilbrigði

- Íslensk málrækt felst í því
  - að hika ekki við að beita nýsköpun í máli – setja orð í nýstárlegt samhengi og búa til ný orð ef þeirra er þörf
  - að viðurkenna að tungumálið er ekki og á ekki að vera fullkomlega rökrétt, og krafa um það geldir málið
  - að gera sér grein fyrir því að fjölbreytni í máli er kostur og ýmis tilbrigði auðga málið en spilla því ekki
  - að veita ungu kynslóðinni hlutdeild í málinu – láta hana finna að hún hafi eitthvað um íslenskuna að segja
  - að tala sem mest við börn á máltökuskeiði, lesa fyrir þau og með þeim, og vera þeim góð málfyrirmynd

Mál og vald

- Íslensk málrækt felst í því
  - að hafna órökstuddum fordæmingum ýmissa tilbrigða, jafnvel þeirra sem lengi hefur verið barist gegn í skólum
  - að hneykslast ekki á málnotkun annarra eða vera sífellt að leiðrétta fólk og gera athugasemdir við málfar þess
  - að líta hvorki niður á fólk sem talar ekki „rétta“ íslensku né hreykja sér af eigin málfari og málkunnáttu
  - að standa gegn málfarslegri stéttaskiptingu undir merkjum varðveislu og verndunar íslenskrar tungu
  - að vera á varðbergi gagnvart tilraunum valdamikilla afla til að hafa áhrif á tungumálið og stýra orðavali

Mál og mannréttindi

- Íslensk málrækt felst í því
  - að sneiða hjá orðum og málnotkun sem getur verið særandi eða útilokandi fyrir ákveðna þjóðfélagshópa
  - að forðast að fordæma máltilbrigði sem fólk hefur til-einkað sér á máltökuskeiði og eru hluti af málkerfi þess
  - að láta skort á íslenskukunnáttu aldrei bitna á fólki eða nota hann til að mismuna því á ómálefnalegan hátt
  - að nota íslensku í stað þess að skipta yfir í ensku í samskiptum við fólk sem vill og reynir að tala málið
  - að krefjast þess og stuðla að því eftir mætti að unnt sé að nota íslensku á öllum sviðum, til allra þarfa

Mál og virðing

- Íslensk málrækt felst í því
  - að leitast við að orða hugsun sína skýrt og skipulega og vanda framsetningu bæði talaðs máls og ritaðs
  - að velja máli sínu búning sem hæfir aðstæðum og viðmælendum eða lesendum – nota viðeigandi málsnið
  - að kynna sér hefðir málsins sem best og taka mið af þeim, án þess að láta þær hefta eðlilega tjáningu
  - að sýna viðmælendum sínum virðingu og umburðarlyndi og leggja málnotkun þeirra alltaf út á besta veg
  - að hlusta á íslensku, tala íslensku, lesa íslensku, skrifa íslensku – nota íslensku sem allra mest, á allan hátt

Takk fyrir mig!

eirikur@hi.is

https://uni.hi.is/eirikur/ritaskra/malfarspistlar
https://www.facebook.com/groups/malspjall